

Sp.

11. Tillaga til þingsályktunar

[10. mál]

um samgöngur um Hvalfjörð.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Alexander Stefánsson, Skúli Alexandersson,
Eiður Guðnason, Jósef H. Þorgeirsson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að gerð verði athugun á hagkvæmstu samgönguleiðum um Hvalfjörð.

Greinargerð.

Í september 1972 var birt álit nefndar, sem skipuð var samkvæmt þingsályktun frá 18. apríl 1967 til þess að annast alhliða rannsókn á því, hvernig hagkvæmast muni að leysa samgöngubörfina milli þéttbýlis í og við Reykjavík annars vegar og Akraness, Borgarfjarðar og til Vestur- og Norðurlands hins vegar. Nefndarálit þetta var mjög ítarlegt, en byggt á forsendum, sem nú eru orðnar um eða yfir áratugs-gamlar.

Eins og áður er um fjóra aðalmöguleika að ræða, þ. e.:

- 1) ferju yfir fjörðinn,
- 2) brú yfir fjörðinn,
- 3) göng undir fjörðinn,
- 4) veg fyrir fjörðinn.

Í þessari greinargerð verður ekki reynt að endurmeta þær forsendur, sem liggja til grundvallar hinum ýmsu valkostum að því er varðar samgöngur um Hvalfjörð, enda gerir sú tillaga, sem hér er lögð fram, ráð fyrir slíku endurmati. — Augljóst er þó að með tilkomu málmblendiverksmiðjunnar við Grundartanga ásamt auknum þungaflutningum frá sementsverksmiðjunni á Akranesi landleiðina um Hvalfjörð og aukinni almennri umferð um fjörðinn eru forsendur orðnar aðrar en byggt var á í framangreindu nefndarálitinu. Einnig er ástæða til að ætla að á síðustu tíu árum hafi orðið tæknilegar framfarir í smíði ferja og brúa og gerð jarðganga. Ef litið er til þeirra möguleika, sem eru fyrir hendi varðandi ferjusamband yfir fjörðinn, má minna á hvort ekki mætti nýta þau hafnarmannvirki sem þegar hafa verið reist við Grundartanga.

Samkvæmt nefndarálitinu frá 1972 gaf vegur og ferja á milli Kiðafells og Galta-
vikur 10—12% afkastavexti, en vegur með bundnu slitlagi fyrir Hvalfjörð 14—15%
afkastavexti. Hér hefur verið mjótt á munum, og með vísan til þess, sem áður er
sagt, er full ástæða til að ætla að niðurstöður yrðu aðrar í dag.

Flutningsmönnum að tillögu þessari er ljóst, að athugun sem þessi muni hafa ein-
hvern kostnað í för með sér, en í það megi ekki horfa af þeirri einföldu ástæðu, að
á hverri tíð þurfa að liggja fyrir hagkvæmstu valkostir í samgöngumálum.

Tillaga þessi er endurflutt þar sem hún varð ekki útrædd á 102. löggjafarþingi.